

Fundur stjórnar Foreldrafélags Hrafnagilsskóla (FFH) haldinn á kaffistofu Hrafnagilsskóla miðvikudaginn 26. október 2016 kl. 20:35

Fundinn sátu Sigríður formaður, Auður ritari, Guðrún gjaldkeri, Valur og Benjamín.

1. Dekkjakurl á sparkvellinum. Umræður um stöðuna á því að skipta um dekkjakurl, virðist ekki vera á dagskrá að endurnýja. Umræður um kosti og galla þess sem kemur í staðinn og alvarleika málsins.
2. Framkvæmdir á skólalóð. Samkvæmt svörum skólastýru hefur ekki verið farið í þær vegna fjárhagsstöðu. Fundarfólk hefur áhuga á að kynna sér skipulagið og hvetur til fjölbreyttari leiktækja/svæða á skólalóðinni. Valur ætlar að biðja um fund með sveitarstjóra.
3. Foreldrafræðsla/Uppistand. Áhugi á að fá Eddu Björgvins, skoða með að skipta kostnaði með fleiri aðilum, Valur og Sigga ætla að spyrjast fyrir.
4. Skoða leikrit að bjóða yngsta stigi á í samvinnu við leikskólann. Lofthæddi örninn Örvar er í sýningu í Hofi 7. og 8. nóvember Sigga kynnir sér hvort hægt sé að vera með í því.

Fundi slitið 22:00